

Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja Slysatrygging ökumanns og eiganda Rúðutrygging

Skilmáli B-1

1. kafli. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja

Almennt:

Þessi váttrygging er samansett af þremur sjálfstæðum váttryggingum.

- Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja.**
- Slysatrygging ökumanns og eiganda.**
- Rúðutrygging.**

Tvær fyrstu váttryggingarnar eru skylduváttryggingar samkvæmt íslenskum umferðarlögum. Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Eigandi ökutækis, sem tiltekið er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er váttryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi váttryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu vegna ökutækisins. Enda þótt váttryggingin falli úr gildi ber félagið samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

2. gr. Gildissvið

Váttryggingin nær til sérhvernar skaðabótakröfu sem eiganda hins váttryggða ökutækis er skylt að váttryggja gegn, samkvæmt núgildandi íslenskum umferðarlögum, vegna tjóns er hlýst af notkun ökutækisins.

3. gr. Skemmdir á eigin ökutæki

Váttryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka eða váttryggðs. Þó bætir váttryggingin skemmdir á eigin bifreið váttryggðs (váttryggingartaka) af völdum áaksturs hins váttryggða ökutækis.

4. gr. Greiðsluskylda félagsins

Greiðsluskylda félagsins vegna hvers váttryggingaratburðar takmarkast við upphæð þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu eða lögboðna váttryggingarfjárhæð, hvort sem hærra er.

5. gr. Akstur erlendis

Váttryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir váttryggingin í Sviss. Váttryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") vegna aksturs erlendis í öðrum ríkjum en framangreindum, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks váttryggingarkorts.

6. gr. Endurkrafa á váttryggðan

Félagið getur endurkrafið váttryggðan hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga, eða reglugerðar, greitt bætur fyrir tjón, sem váttryggður á ekki rétt á váttryggingarvernd gegn þegar:

- váttryggður hefur brotið gegn ákvæðum þessa váttryggingarsamnings;
- váttryggður hefur ekki réttindi til að aka hinu váttryggða ökutæki eða misst réttindi til að aka því;
- tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, það telst t.d. stórkostlegt gáleysi að aka bifreið undir áhrifum áfengis, deyfandi eða örvandi lyfja eins og skilgreint er í umferðarlögum nr. 50/1987;
- liðnir eru 14 dagar frá eigendaskiptum, sbr. 16. gr. þessa kafa skilmáls;
- váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar.
- ökutækið er leigt án ökumanns án þess að skilyrði laga um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, nú laga nr. 64/2000, séu fyrir hendi. Sýni váttryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu viðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum reglna þessara á félagið þó ekki endurkröfurétt.

7. gr. Varúðarreglur

7.1 Váttryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

7.2 **Varúðarregla: Ökumaður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórnad ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.**

7.3 **Varúðarregla: Ökumaður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.**

7.4 **Varrúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.**

8. gr. Annar akstur en tilgreindur er

Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun hins váttryggða ökutækis og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

9. gr. Tilvísun í umferðarlög og lög um váttryggingarsamninga

Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 50/1987 eða lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. gr. Skyldur váttryggs vegna tjóns

10.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætánleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

10.2 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að tjónþoli fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum. Félaginu er ennfremur heimilt þegar svo stendur á að segja upp váttryggingarsamningnum sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu með viku fyrirvara. Sé váttryggingarsamningnum sagt upp af hálfu félagsins með heimild í þessari grein sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu þar að lútandi. Ennfremur er Umferðarstofu tilkynnt um niðurfellinguna. Félagið ber áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur er liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

11. gr. Tjónsuppgjör og kostnaður við það

11.1 Tjónþoli á ætíð beina kröfu á hendur félaginu. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart tjónþola að váttryggður hafi brotið gegn ákvæðum þessa váttryggingarsamnings nema váttrygging sé niður fallin vegna vanskila, eigandaskipta eða uppsagnar.

11.2 Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

11.3 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem greiða kröfuna, viðurkenna bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra. Sé höfuðstóll kröfu hærri en váttryggingarfjárhæð greiðir félagið málskostnað sem svarar til hlutfalls váttryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótakröfunnar.

11.4 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

12. gr. Aksturskeppni

Váttrygging þessi nær ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni, né æfinga við slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini. Félaginu er heimilt að krefjast viðbótariðgjalds samþykki það slíka áhættu.

13. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu, ef þess er getið í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

14. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds- uppsagnarréttur

18.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

18.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

18.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

18.2 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.

14.3 Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka, t.d. símleiðis eða skriflega, er félaginu heimilt að að skora á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði váttryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella váttrygginguna strax úr gildi. Skal þá félagið tilkynna váttryggingartakanum þá ákvörðun skriflega jafnframt því að senda tilkynningu til Umferðarstofu um lok váttryggingarinnar.

14.4 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga. Ennfremur er Umferðarstofu tilkynnt um niðurfellinguna. Félagið ber áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur er liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

15. gr. Vanskil iðgjalds

15.1 Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt váttrygginguna úr gildi þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins sbr. reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Félagið skal tilkynna Umferðarstofu og váttryggingartaka um niðurfellinguna. Ber þá lögreglustjóra að hlutast til um að skráningarmarki séu tafarlaust tekin af ökutækinu. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi.

15.2 Iðgjöld eru aðfararhæf samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

16. gr. Sala ökutækis – Afskráning

Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, sbr. 1. gr. þessa kafla. Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu, enda hafi ný vátrygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti.

17. gr. Innistaða skráningarnúmers

Hafi ökutækið eigi verið í notkun og skráningarnúmer þess verið í vörslu Umferðarstofu, lögregluvirkvalda eða umboðsmanna þeirra í a.m.k. 30 daga samfleytt endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Þetta gildir þó ekki um vátryggingu fyrir dráttarvélar, snjóþíla, torfærutæki (vélsleða og fjórhjól), húsbíla og fornbíla, enda hafi verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun.

18. gr. Iðgjaldsákvörðun – Endurnýjunariðgjald

18.1 Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum vátryggjendum um tjónareynslu vátryggingartaka í þessari grein vátrygginga.

18.2 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, sérstakri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótgrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu sérstakan rétt til uppsagnar.

19. gr. Samsömun

19.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki sbr. 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

19.2 Sé ökutækið notað í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna hins vátryggða sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004

20. gr. Ágreiningur- Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum.

Ágreiningu um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Mál, sem rísa kunna vegna skírteinis eða skilmála þessa, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

2. kafli. Slysatrygging ökumanns og eiganda

1. gr. Tilvísun til laga um vátryggingarsamninga

Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

2. gr. Gildissvið – Hámarksbætur

Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Vátryggingarfjárhæð er samkvæmt umferðarlögum og breytist árlega eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

3. gr. Farþegi í eigin ökutæki

Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem eigandi ökutækis verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Vátryggingarfjárhæð er á hverjum tíma sú sama og í 2. gr. þessa kafla.

4. gr. Ákvörðun bóta

Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993.

5. gr. Frádráttur skaðabóta

Bætur úr þessari slysatryggingu dragast frá skaðabótum, sem tjónþoli kann að eiga vegna slyssins, eftir umferðarlögum eða öðrum skaðabótareglum.

6. gr. Akstur erlendis

Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss. Vátryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") vegna aksturs erlendis í öðrum ríkjum en framangreindum, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks vátryggingarkorts.

7. gr. Undanskilin áhætta

Félagið bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama á við um tjón af völdum kjarnorku, geislunar eða geislavirkra efna, svo og tjón er stafa af eldgosum, jarðskjálfta, skriðufalli, snjóflóði eða öðrum náttúruhamförum.

8. gr. Sala ökutækis – Afskráning

Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, en vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi ekki verið keypt önnur vátrygging vegna ökutækisins.

9. gr. Ekki iðgjaldsafsláttur

Ákvæði um iðgjaldsafslátt (bónus) af lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja gilda ekki um vátryggingu þessa.

10. gr. Tilvísun í skilmála

Að öðru leyti gildir 1. kafli þessa skilmála fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við á.

3. kafli. Rúðutrygging

1. gr. Tilvísun til laga um váttryggingarsamninga

Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingasamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

2. gr. Gildissvið

Váttryggingin bætir brot á rúðum ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði, nema váttryggður hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispast. Brot á rúðum er eingöngu bætt með viðgerð eða skiptum á hinum váttryggðu rúðum. Bætur geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

3. gr. Venjulegar rúður - Framrúður með sérbúnaði

Váttryggingin tekur til venjulegrar rúðu ökutækis. Hvers kyns topplúga eða glerþak telst ekki rúða í skilningi þessa skilmála. Ef um óvenjulega framrúðu er að ræða, þ.e. rúðu með t.d. innbyggðu loftneti, hita eða öðrum sérbúnaði sem gerir hana mun dýrari en venjulega framrúðu í sambærilegri bifreið, eru aðeins greiddar bætur er nema andvirði venjulegrar rúðu, nema óskað hafi verið eftir sértryggingu og viðbótariðgjald greitt. Félagið bætir á hinn bóginn afturrúðu með venjubundnum afturrúðuhitara. Venjuleg rúða merkir í þessum skilmála glærar rúður sem passa í viðkomandi ökutæki og uppfyllir venjulegar öryggiskröfur sem gerðar eru til slíkra rúðna.

4. gr. Eigin áhætta

Bæti váttryggingin tjón á rúðu með nýrri rúðu ber váttryggingartaki eigin áhættu sem samsvarar 15% af verði hinnar nýju rúðu og ísetningarkostnaðar. Sé unnt að gera við hina skemmdu rúðu greiðir váttryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu váttryggingartaka.

5. gr. Úrtaka - ísetning – afnotamissir

Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins er rúða brotnar.

6. gr. Endurgreiðsla

Iðgjald af váttryggingu þessari verður ekki endurgreitt þótt um tímabundna afskráningu eða innistöðu númera sé að ræða.

7. gr. Tilvísun í skilmála

Að öðru leyti gildir 1. kafli þessa skilmála fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við á.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010